




STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR BORGAR

FRETTABRÉF

3. tbl. 43. árg. maí. 2008



Starfsmat og launasamanburður



Af hverju gerist það þegar ráðinn er starfsmaður til borgarinnar tíma-bundið vegna sérstakra verkefna, að allt verður vitlaust og starfsmenn borgarinnar rísa upp til andmæla?

Starfsmenn sjá og heyra allt í kringum sig talað um kaupmáttarrýrnun og að launþegar

verði að sýna ábyrgð til að koma í veg fyrir víxslverkun verðlags og launa. Að þeir þurfi að bjarga því sem bjargað verður og koma í veg fyrir að verðbólgan æði áfram.

Við þessar aðstæður fréttu þeir um nýjan starfsmann sem fær há laun, sem skiptast upp í gott grunnkaup, ásamt verulegri yfirvinnu og nefndarlaunum.

Þetta kom upp á yfirborðið með því að fulltrúar minni hlutans í borginni gagnrýndu ráðninguna, þ.e. gerðu athugasemdir við að viðkomandi starf var ekki auglýst og launin sem ákvörðuð voru. Fjölmiðlar tóku þetta upp og hömrðu þá ekki síst á launaþettinum.

Til þess að fá þessi laun út úr starfsmati þyrfti þessi starfsmaður að hafa 793 stig eða meira, sem er hærra en þeir sem falla undir starfmat geta fengið. Að lágmarki þyrfti starfsmaður sem er í starfi sem fellur undir starfsmat að hafa um 700 stig, sem myndi gera launaflokk 185. En til þess að hann endaði í launaflokk 199, sem gæfi honum kr. 474.214, þyrfti hann doktorspróf sem nýttist í starfi og gæfi það honum 4 launaflokka. Hann þyrfti að hafa jafnframt verulegan starfsmetnað og sveigjanleika, þá gæti honum verið umbunað með 4 launaflokkum í viðbót, og ef hann hefur

unnið 12 ár eða lengur þá fengi hann 6 launaflokka til viðbótar vegna starfsaldurs og símenntunarpátttöku. Þetta gerði samtals launaflokk 199.

Nú er það svo að æðstu embættismenn og stjórnendur borgarinnar eru ekki undir starfsmati. Það var ekki hannað og þróað til þess að ná utan um þau störf, ásamt nokkrum öðrum störfum sem eru mjög afbrigðileg er varða verkefni, vinnutíma og önnu atriði. Kannski fellur þetta starf ekki heldur undir starfsmatið, það er erfitt fyrir okkur að meta það, til þess skortir okkur upplýsingar.

Við þetta bætist að kannanir gefa til kynna að laun á opinbera markaðnum eru um 20 - 25% lægri en á almenna vinnumarkaðnum. Þetta á ekki síst við skrifstofustörf þar sem þessi samanburður næst, því þau störf eru á almenna markaðnum og hinum opinbera. Þarna verður til möguleiki til þess að bera saman öll störf hjá sveitarfélaginu og síðan tengja það við almenna markaðinn.

Yfirlýstur tilgangur samningsaðila með starfsmatinu er að greiða sömu laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf og að hlúa að störfum sem eingöngu eru unnin af sveitarfélaginu. Það getur ekki verið að í því felist að þau störf sem eiga sér skírskotun til starfa á almenna vinnumarkaðnum skuli haldið niðri. Það getur ekki verið að stjórnendur Reykjavíkurborgar geri ráð fyrir því að þeir sem sinni störfum sem einngöngu eru unnin hjá sveitarfélaginu sjái ekki í gegnum það.

Gallinn er sá að starfsmenn kenna síðan starfsmatinu um að þeir séu 20 til 25% lægra launaðir en samburðarhóparnir, þótt starfsmatið geti einungis ákvarðað stig en síðan er ákvarðað af samningsaðilum hvernig eigi að launatengja stigin.

Með þessu er ég ekki að halda því fram að starfsmatið sé 100% rétt, hinn eini sannleikur, ég er alveg viss um að á því eru hnökrar, en á því þarf að taka sérstaklega án þess að láta launatengingu trufla það. Þetta kallar á stöðuga vinnu og skoðun, því starfsmatið þarf að vera lifandi og fylgja breytingum á þeim störfum sem metin eru og umhverfi því

Fréttabréf

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Þorleifur Óskarsson,

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen, fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson starfandi form.

Gunnar Ingi Jónsson, verkefnisstj.

Jakobína Þórðardóttir, framkvæmdastj.

Lára Júlíusdóttir, þjónustufulltrúi

Halldór S. Gunnarsson, verkefnisstj.

kjarasviði

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Ragnhildur Helgadóttir - varaformaður

Guðríður Sigurbjörnsdóttir -ritari

Guðrún Árnadóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingveldur Jónsdóttir

Jón Ingi Hilmarsson

Jónas Engilbertsson

Víglundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri

Þóra Sigurðardóttir

Þórdís Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is

ragnhildur.helgadottir@reykjavik.is

gudridur@borgarbokasafn.is

gudrunam@fel.rvk.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingo@grundaskoli.is

jhilmars@landspitali.is

holaberg@talnet.is

viglundur.runar.jonsson@or.is

thorase@rvk.is

tordisey@itr.is

sem þau eru í.

Starfsmatinu þarf að finna umhverfi sem gerir það trúverðugra og að það sé hafið yfir allan vafa um sjáfstæði þess gagnvart atvinnurekandanum. Þetta á við um starfsmatið bæði hjá Reykjavíkurborg og launanefnd sveitafélaga.

Það er mitt mat að allt ofangreint varð til þess að uppúr sauð þegar borgin ákvað að ráða mann til starfa og að það starf var ekki sett í neinn viðurkenndan farveg, hvorki undir kjara-nefnd, eða starfskjaranefnd, sem hefur það hlutverk að fjalla

um röðun nýrra starfa á samningssvið stéttarfélagans þar til að starfið fer í starfsmat eða tekin sé ákvörðun um að það passi ekki þar.

Það er einnig mitt mat að til þess að lægja óánægju starfsmanna Reykjavíkurborgar, þarf að taka á þessum undirliggjandi þáttum því annars er hættu á að hún blossi upp aftur og aftur, ekki síst þegar stjórnendur borgarinnar stíga ógætilega til jarðar í launamálum sumra.

Aðalfundur St.Rv.



Laugardaginn 8. mars var haldinn aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Eftir lögbundin aðalfundarstörf, sem gengu vel fyrir sig, þá voru þrjár ályktanir samþykktar eftir nokkrar umræður og breytingartillögur. Ályktanirnar fjalla um örar breytingar á stjórnun hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum hennar og áhrif þess á líðan starfsmanna, kjaramál og um almenningsþjónustu.

I Stjórnun

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 vill vekja athygli á að örar og endurteknar breytingar á stjórn borgarinnar og fyrirtækjum hennar, hafa aukið mjög álag starfsmanna. Miklar áherslubreytingar gera vinnuáætlæður erfiðar, draga úr stöðugleika framkvæmda og gera starfsmönnum erfitt fyrir að rækja starf sitt.

Ríkar kröfur eru gerðar til opinberra starfsmanna um að þeir sinni störfum sínum af alúð og aðhafist ekkert sem varpað gæti rýrd á starfið og þar með á mikilvægi opinberra þjónustu. Sama skylda hvílir að sjálfsögðu á stjórnendum og pólitískt kjörnum fulltrúum. Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnenda opinberra stofnana hlýtur að vera að mynda trúverðug tengsl við almenning með heiðarlegri stefnu, upplýsingamiðlun, samskiptum og samstarfi við borgarana og alla hagsmunaaðila.

II Kjaramál

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 skorar á alla viðsemjendur félagsins og fyrirtæki í þeirra eigu að setja sér skýr markmið fyrir komandi kjaraviðræður.

Fundurinn hvetur samningsaðila til að búa kjarasamninga þannig úr gærði, að orðalag þeirra sé skýrt og aðgengilegt fyrir félagsmenn, stjórnendur og aðra þá, sem þurfa að fara eftir og túlka einstök atriði.

Tryggja þarf, að nauðsynlegt fjármagn fylgi umsömdum samþykktum og að bókanir og yfirlýsingar sem kjarasamningum fylgja séu ekki lagðar til hliðar heldur útfærðar og efndar að fullu.



Fundurinn tekur undir ályktun stjórnar BSRB frá 12. 2. 2008 þar sem mótmælt er kröfu Samtaka atvinnulífsins um að ríkisstjórnin og sveitarfélög fylgi þeirri launastefnu sem mótuð var við samningaborð Samtaka atvinnulífsins og ASÍ félaga.

Fundurinn krefst þess jafnframt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að efla verðlagseftirlit verulega, þar sem hækkun á matvælavæði og allri þjónustu er bein ávísun á kjaraskerðingu hjá öllum almenningi.

III Almenningsþjónusta

Aðalfundur St.Rv. haldinn 8. mars 2008 leggur áherslu á góða og trausta almenningsþjónustu. Fundurinn hafnar, sem fyrr, tilhneigingu ríkis og sveitarfélaga í því að markaðsvæða, hlutafélagsvæða og úthýsa verkefnum í grunnþjónustu samfélagsins s.s. heilbrigðis- og velferðarþjónustu, mennta- og æskulýðsþjónustu, orkuveitur og fl. Er skorað á hlutaðeigandi aðila að draga lærdóm af mistökum sem gerð hafa verið undanfarið í þessum efnum.

Skipan stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar skipti stjórn með sér verkum en í stjórn St.Rv. sitja eftirfarandi:

Garðar Hilmarsson formaður
Ragnhildur Helgadóttir varaformaður
Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari
Víglundur Rúnar Jónsson gjaldkeri
Guðrún Árnadóttir
Hallgerður Inga Gestsdóttir
Ingveldur Jónsdóttir
Jónas Engilbertsson
Jón Ingi Hilmarsson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Þóra Sigurðardóttir
Ármann Pétursson, áheyrnarfulltúri eftirlaunadeildar



Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. flytur skýrslu stjórnar á aðalfundi

Ráðgjöf styrkt

Félagsmaður sem hefur verið í 12 mánuði af síðustu 24 getur sótt um styrk, hjá Styrktarsjóði BSRB, vegna meðferðar hjá eftirtöldum viðurkenndum meðferðaraðilum: Félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sálfræðingi. Greiddar eru 4.000 kr. í allt að 15 skipti á ári.



STYRKARSJÓÐUR BSRB

Fastar Starfsnefndir félagsins

Fræðslunefnd

<i>Deild</i>	<i>Aðalmaður</i>	<i>Varamaður</i>
Stjórn	Guðrúnur Sigurbjörnsd.	
Stjórn	Ingveldur Jónsdóttir	
1.	Kjartan G. Ingvason	Einar S. Guðmundsson
2.	Ingibjörg Ólafsdóttir	Ásdís Þorsteinsdóttir
4.	Magnús A. Sveinbjörns.	Grétar Bjarnason
6.	Ólafur Benediktsson	Ísleifur Friðriksson
7.	Ólöf Ragna Ámundad.	Gunnar Rúnar Matthíasson
8.	Lovísa Guðmundsdóttir	Bryndís Oddsdóttir
9.	Ingunn Guðnadóttir	Fríðrik Róbertsson
10.	Dagný Guðmundsdóttir	Björg Atladóttir
11.	Stefán Bjarnason	
12.	Ingibjörg G. Viggósdóttir	Margrét Sigurðardóttir



Orlofsnefnd

<i>Deild</i>	<i>Aðalmaður</i>	<i>Varamaður</i>
Stjórn	Þórdís Sigurðardóttir	
Stjórn	Jónas Engilbertsson	
1.	Gerður Magnúsdóttir	Herdís Jóhannsdóttir
2.	Stefán Pálsson	Ingibjörg Ólafsdóttir
4.	Jón Bergvinsson	
6.	Lena Hákonardóttir	Sigfríð Magnúsdóttir
7.	Guðný Sigríður Kristjánsd.	Bryndís Steinsdóttir
8.	Gísli Eiríksson	Jóhann Valgarð Ólafsson
9.	Ingólfur Skarphéðinsson	Guðmundur Ingi Pétursson
10.	Ragnheiður Blandon	Erna Olsen
11.	Elsa Eyjólfsdóttir	
12.	Barbara G. Davis	Kristín Ármannsdóttir



Menningar- og skemmtinefnd

<i>Deild</i>	<i>Aðalmaður</i>	<i>Varamaður</i>
Stjórn	Hallgerður Inga Gestsdóttir	
Stjórn	Jón Ingi Hilmarsson	
1. deild	Sigurlaug Sigurðardóttir	Auður Jóhannsdóttir
2. deild	Ingjalður Eiðsson	Hörður Þorsteinsson
4. deild	Björn Olsen	Þórir Axelsson
6. deild	Hilde Berit	Ása Hauksdóttir
7. deild	Bryndís Þorsteinsdóttir	Monika Karlsdóttir
8. deild	Sigrún Helga Jónsdóttir	Guðbjörg Björnsdóttir
9. deild	Ingólfur Skarphéðinsson	Ómar Bjarni Þorsteinsson
10. deild	Berggrún Bjarnadóttir	Drífa Magnúsdóttir
11. deild	Dóra Ketilsdóttir	
12. deild	Elsa Jónsdóttir	Valgerður Guðbjörnsdóttir



Ritnefnd

Guðrún Árnadóttir
Jón Ingi Hilmarsson
Stefán Pálsson
Dagný Guðmundsdóttir
Jónína Óskarsdóttir

Samninganefndir

félagsins vegna kjarasamninga sem eru lausir á árinu 2008

Samninganefndir fara með samningsumboð félagsins í kjarasamningsviðræðum.



Samninganefnd vegna kjarasamnings við Reykjavíkurborg

Formaður Garðar Hilmarsson
Varaform. Ragnhildur Helgadóttir
Stjórn Guðrún Árnadóttir
Stjórn Þóra Sigurðardóttir
Stjórn Guðríður Sigurbjörnsdóttir
Stjórn Þórdís Sigurðardóttir
Stjórn Hallgerður Inga Gestsdóttir
1. deild Ólafur Gísli Reynisson
varam. Sigurlaug Sigurðardóttir
4. deild Anna Árnadóttir
varam. Jón Bergvinsson
6. deild Steinunn Grétarsdóttir
varam. Ottó Hörður Guðmundsson
8. deild Sigrún Helga Jónsdóttir
varam. Brynja Bjarnadóttir
10. deild Einar Ólafsson
Varam. Ragnheiður Blandon
11. deild Ármann Pétursson

Samninganefnd við Fjármálaráðuneytið

Formaður Garðar Hilmarsson
Stjórn Jón Ingi Hilmarsson
7. deild Ólöf Ragna Ámundadóttir

Samninganefnd við Orkuveitu Reykjavíkur sf.

Formaður Garðar Hilmarsson

stjórn Víglundur Rúnar Jónsson
2. deild Margrét Þóra Baldursdóttir
2. deild Júlíana Guðmundsdóttir
12. deild Hjálmar Rögnvaldsson

Samninganefnd St.Rv. vegna Strætó bs.

Formaður Garðar Hilmarsson
Stjórn Jónas Engilbertsson
Aðalmaður Jóhannes Gunnarsson
Varamaður Valdimar Jónsson

Samninganefnd St.Rv. við Félagsbústaði hf.

Formaður Garðar Hilmarsson
5. deild Magnús Gunnlaugur Þórarinnsson
5. deild Dagbjört Matthíasdóttir
5. deild Rafn Guðmundsson

Samninganefnd St.Rv. vegna Faxaflóhafna sf.

Formaður Garðar Hilmarsson
3. deild Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

Samninganefnd St.Rv. við Akraneskaupstað

Formaður Garðar Hilmarsson
Stjórn Ingveldur Jónsdóttir
12. deild Anna Pálína Magnúsdóttir
12. deild Snjólfur Eiríksson
12. deild Hafdís Sigurþórsdóttir
12. deild Guðmunda Maríasdóttir
12. deild Sesselja Óskarsdóttir



Miðar í Hvalfjarðargöngin

Á skrifstofu St.Rv. geta félagsmenn keypt staka miða í Hvalfjarðargöngin á afslætti.
Hver miði kostar 520 kr. eins og Spölur býður upp á ef keypt eru 10 miða kort.



Lára Júlíusdóttir sem byrjaði hjá okkur í desember sl. Hún er þjónustufulltrúi félagsins. Lára starfaði áður í Ráðhúsi Reykjavíkur og er því mörgum félagsmönnum vel kunn.

Bjóðum velkomin

Tveir nýir starfsmenn hafa tekið til starfa hjá félaginu. Bjóðum við þau tvö hjartanlega velkomin. Um leið kveðjum við Sjöfn Ingólfsdóttur sem lét af formennsku hjá félaginu fyrir rúmum tveimur árum, en hefur starfað síðan sem verkefnisstjóri á skrifstofu félagsins. Hún lét af störfum um síðustu mánaðamót og þökkum við henni áralangt frábært starf fyrir félagið.



Halldór Snorri Gunnarsson kom til starfa hjá félaginu í lok apríl, hann er verkefnisstjóri á kjarasviði. Halldór vann í fjölda ára hjá Skýrr hf og var félagsmaður í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar um árabil.

Fréttir af vettvangi ...

Ólöglegar uppsagnir á Landspítala

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Landspítala til að greiða þremur starfsmönnum bætur vegna uppsagna en dómurinn taldi, að ekki hefði verið rétt staðið að uppsögnum starfsmannanna árið 2006. Sá sem hæstu bæturnar hlýtur fær 900 þúsund, annar fær 400 þúsund og sá þriðji 300 þúsund.

Í dómunum er m.a. vísað til dóms Hæstaréttar í máli Salmanns Tamimi, sem einnig var sagt upp hjá spítalanum og fór í skaðabótamál. Segir í dómunum, að ákvörðun um að leggja niður störf starfsmannanna hafi ekki verið byggð á vali milli manna, frammistöðu þeirra eða hæfileikum, heldur á því að verkefni þeirra rúmuðust ekki innan nýs skipulags.

Ljóst sé að starfssvið starfsmannanna, sem allir störfuðu á upplýsingatæknisviði Landspítala, hafi tekið breytingum í gegnum tíðina og störf þeirra ekki verið einskorðað við tiltekin verkefni sem öll voru lögð af heldur hafi sum þeirra færst annað. Hafi Landspítala verið skylt, að leggja frekara mat á hæfni starfsmannanna áður en tekin var ákvörðun um að segja þeim upp störfum. Þar sem slíkt mat fór ekki fram hafi uppsögnin verið ólöglegt og fólkið eigi rétt á bótum.

Breyting á túlkun um fyrningu orlofs

Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar gaf út þá túlkun í júní 2007 að aðeins væri hægt að fresta töku viðbótarorlofs, en lágmarksorlof (24 dagar) myndu fyrnast ef það væri ekki tekið fyrir lok orlofsársins, þ.e. fyrir 1. maí. Þetta mál hefur St.Rv. tekið upp í starfskjaranefnd, þar sem félaginu þótti ekki eðlilegt að orlof gæti fyrnst. Svar hefur borist frá Reykjavíkurborg þar sem tekið er undir með félaginu og Reykjavíkurborg hefur fallist á að það sé á ábyrgð stjórnenda að skipuleggja orlof starfsmanna. Því flyst ótekið orlof sem ekki hefur gefist tækifæri til þess að taka á milli orlofsára.

Stjórn BSRB mótmælir forræðishyggju SA

"Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeirri kröfu sem Samtök atvinnulífsins hafa sett fram á hendur ríkisstjórninni um að hún fylgi þeirri launastefnu sem mótuð verði við samningaborð Samtaka atvinnulífsins. Þessi krafa um forræðisvald atvinnurekenda er ósvifin og ólýðræðisleg því hún byggir á því að hundsáðar verði kröfur sem fram koma frá hendi samtaka opinberra starfsmanna í kjarasamningum þegar þeir losna í vor. Krafan er einnig ósvifin að því leyti að hún byggir á því að launakjör á þeim stofnunum sem nú búa við vaxandi manneklu vegna bágra kjara verði ekki leiðrétt eins og margoft hefur verið látið í veðri vaka af hálfu stjórnvalda að gert verði í komandi kjarasamningum," segir m.a. í ályktun sem stjórn BSRB hefur sent frá sér.

Borgarráð samþykkti aukafjárveitingu vegna undirmönnunar

Á fundi Borgarráðs fimmtudaginn 7. febrúar var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 4. þ.m.: Borgarráð samþykkir 65 mkr. aukafjárveitingu á árinu 2008 til viðbótar þeim 180 mkr. sem samþykktar hafa verið í fjárhagsáætlun vegna aðgerða í starfsmannamálum. Markmiðið er að mæta undirmönnun og álagi á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Mannauðsskrifstofu verði falið að útfæra nánar ráðstöfun ofangreindra fjármuna í samráði við sviðsstjóra fagsviða og skrifstofa.

Indverskur kjúklingur og salat

Angelica starfar í leikskólanum Öldukoti



Angelica Jacinta Dísilva

KORMA KJÚKLINGUR -fyrir 4

Hráefni:

700 gr. Kjúklingabringur
1 dl. hrein jógúrt
2 1/2 cm engifer
6 hvítlauksgeirar skorið smátt
1/2 tsk. Turmeric duft
2 tsk. Kóríander duft
1 tsk. Kúmen duft
1 tsk. Garam masala
salt

Olía

2 meðal stórir laukar –skornir smátt
1 dl. matreiðslurjómi
Niðurskorið ferskt Kóríander (ef vill)

Aðferð:

Skerið kjúklinginn í 2 _ sm. bita og marinerið hann í blöndu af jógúrtinu, engiferinu, hvítlauknum, turmericinu, Kóríander kryddinu, kúmen, Garam masala og salti og láta kjúklinginn marinerast í a.m.k. 2 tíma í ísskáp.

Hitið olíu á pönnu og mýkið upp niðurskorinn laukinn á meðalhita þangað til hann er gullin brúnn.

Hækkið hitann á mesta hita og bætið marineruðum kjúklingnum á pönnuna í um 5 mínútur.

Lækkið hitann á lægstu stillingu og látið malla í um 10 mínútur. Í lokin er matreiðslurjóma bætt við og stráíð niðurskornu fersku kóríander yfir.

RAITA SALAT

2 dl. AB mjólk eða Jógúrt
2/3 hlutur af agúrku smátt skorin
Ferskt Kóríander niðurskorið (ef vill)
Salt og pipar eftir smekk
Blandað saman.

Með þessum rétti er gott að bera fram Basmati hrísgrjón eða nan brauð



*Snemma beygist krókurinn!
Ungur mótmælandi í kröfugöngu 1. maí*



Fjöldmenni var í kröfugöngunni á 1. maí

Fréttir af samningamálum



Kjarasamningsviðræður vegna ríkisstarfsmanna

Fyrsti formlegi samningafundi BSRB og aðildarfélaga þess við launanefnd ríkisins var hjá Sáttasemjara ríkisins 2. maí.

Hjá samninganefnd ríkisins var það skoðun manna að samið yrði til þriggja ára, en BSRB vill að gengið verði hið fyrsta frá skammtímasamningi. Í framhaldi af þessari niðurstöðu fundarins vildi BSRB fund með ríkisstjórninni til að fá hennar sýn á stöðu mála og hvaða ráðagerðir hún hefur á þróunum. Ögmundur Jónasson formaður BSRB sagði: "að það eigi að semja hið snarasta til skamms tíma og leggjast á eitt að kveða niður verðbólguþráuginn en það er tvímælalaust til þess fallið að stuðla að jafnvægi sem efnahagslífið þarf á að halda" .

Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um kjarabætur til umönnunarstéttanna og að kyndbundnum launamun verði útrýmt. Þá hafa ráðherrar ítrekað lýst því yfir að stórbæta þurfi kjör innan almannaþjónustunnar.

Í kjölfarið voru haldnir tveir fundir með fjórum ráðherrum úr ríkisstjórn þar sem fulltrúar BSRB vildu vita hvaða áform ríkisstjórnin hefði um efndir fyrirheita sem er bæði að finna í stjórnarsáttmála og hefði komið frá ríkisstjórn og einstökum ráðherrum um að stórbæta kjör umönnunarstétta og annarra hópa innan almannaþjónustunnar sem búa við óásættanleg kjör. Eftir seinni fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar sagði Ögmundur "Aðilar voru sammála um að hafa allt undir í viðræðunum, innihald kjarasamningsins og lengd samn-

ingstímans. Markmiðin eru þau sömu og í samningum á almenna vinnu- markaðinum að mikilvægast sé að ná niður verðbólgunni. Þá viljum við að samið verði um krónutöluhækkun en hún gagnast best lágtekju og miðlungstekjufólki,"

Hann sagði að aðilar væru sammála um að það væri allra hagur að hraða samningunum. Hvað varðar aðkomu ríkisstjórnarinnar verður efnt til fundar með henni eftir að samninganefndirnar hafa komist að niðurstöðu.

Eftir þessa fundi hófust markvissar viðræður við samninganefnd ríkisins og eru þær í fullum gangi nú þegar fréttabréfið okkar fer í prentun.

Samningaviðræður við Orkuveituna

Undirbúningsvinna fyrir kjaraviðræður hófst í byrjun febrúar með fulltrúum félagsins og Orkuveitu. En formlegar viðræður hófust svo 17. apríl og hafa verið haldnir reglulegir fundir með fulltrúum Orkuveitu og samninganefnd félagsins . Viðræður hafa gengið rólega fyrir sig enn sem komið er. Báðir aðilar hafa lagt fram sína áherslurætti og markmið. Umræður hafa enn snúið að mestu um kafla um réttindi og skyldur, orlofsmál, og starfsheiti. Launaliðinn og gildistíma er ekki enn farið að fjalla um.

Glæsilegur hópur ritara og skrifstofustjóra útskrifuðust 16. maí sl. af námsbraut fyrir ritara Grunnskóla. Námið fer fram í Verslunarskóla Íslands en Framvegis -miðstöð um sýmenntun heldur utan um námið.



HÓTEL - VEIÐI

Hótelmiðar á Edduhótel

Félagsmönnum bjóðast niðurgreiddir miðar á Edduhótelin í sumar. Verð á gistingu er 4.500 kr. Miðarnir verða afgreiddir á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89, 3. hæð, frá og með 1. júní. Gildir hver miði fyrir tveggja manna herbergi með handlaug. Sé óskað eftir herbergi með baði verður að greiða aukalega fyrir það.

Leyfilegt er að hafa börn með sér í herbergi, hótelið útvegar dýnur án gjalds en rúmfatnað þarf fólk þá að koma með. Miðarnir gilda á 14 Edduhótel víðsvegar um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Morgunverður er ekki innifalinn. Þegar keyptar eru veitingar á Edduhótelunum fá börn 0-5 ára frían mat en 6-12 ára greiða hálf gjald.

Opnunardagar Edduhótelanna sumarið 2008.

	Opnar	Lokar
Menntaskólanum Laugarvatni	08.júní	22.ágúst
**Í.K.Í. Laugarvatni	12.júní	22.ágúst
Skógum	10.júní	24.ágúst
**Vík	01.maí	31.ágúst
***Vík sumarhús	01.maí	30.sept.
*Nesjaskóla	10.júní	15.Sept.
**Neskaupstað	10.júní	24. ágúst
Eiðum	11.júní	28. ágúst
**Menntask. Egilsstöðum	03.júní	23. ágúst
Stórutjörnum	10.júní	24. ágúst
****Akureyri	14.júní	27. ágúst
Laugarbakka	12.júní	17. ágúst
**Laugum, Sælingsdal	06.júní	31. ágúst
Ísafjörður	10.júní	20. ágúst



* Nesjaskóli: Frá 25. ágúst til 15. September er hægt að bóka gistingu og morgunverð, önnur þjónusta ekki í boði.

** EDDA PLUS- Herbergi með baðherbergi, sjónvarpi og síma

***Lítill sumarhús

Með fyrirvara um ófyrirsjáanlegar breytingar, nánari upplýsingar í síma 444 4000 og með tölvupósti edda@hoteledda.is eða á www.eddahotel.is

Veiði og tjaldstæði að Þórisstöðum

Félagsmönnum í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar stendur til boða frí afnot af aðstöðu STJÁ að Þórisstöðum, ásamt mökum þeirra og börnum upp að 16 ára aldri. Aðgangur er að tjaldstæðum í landi Þórisstaða í Svínadal, auk þess er félagsmönnum heimil veiði í eftirtöldum vötnum: Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni þó er undanskilið svæði K.F.U.M.-manna í sunnanverðu Eyrarvatni auk árstubbanna milli vatnanna.

Veiðitímabil er: 1. apríl til 25. september 2007.

Veiðitími er frá kl. 7:00 til 22:00 til og með 20. ágúst.

Frá 21. ágúst er veiðitíminn frá kl. 7:00 til 21:00.

Þeir sem nota þessa aðstöðu þurfa að geta staðfest að þeir séu félagsmenn í St.Rv. með **félagsskírteini**.



- GOLF - FLUG

Hótelmiðar Fosshótel

Félagsmönnum bjóðast niðurgreiddir miðar á Fosshótelin. Hver miði gildir fyrir tveggja manna herbergi út árið 2008. Gistimiðar fyrir öll hótél Fosshótela.

Gisting fyrir tvo í tveggja manna herbergi m/sér baðherbergi ásamt morgunverði kr. 5.000,- nóttin. Gildir einnig fyrir einsmanns herbergi. Miðarnir verða afgreiddir á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89, 3. hæð.

Aukagjald greiðist af gesti í gestamóttöku. Kr. 4.000,- í júlí og ágúst á öllum Fosshótelum og herbergja tegundum. Kr. 3.300,- fyrir aukarúm (1 barn undir 12 ára frítt í herbergi með foreldri/um. Við bókun skal tekið fram að greitt verði með gistimiða.

Miðar sem ekki eru notaðir verða ekki endurgreiddir heldur er hægt að endurnýja þá gegn kr. 150,- gjaldi á hvern miða á skrifstofu Fosshótela. Nánari upplýsingar er að fá í síma 562 4000 eða á www.fosshotel.is

Fosshótel á Íslandi eru:

Fosshótel Lind Rauðarárstígur 18	101 R.vík	allt árið	562 3350
Fosshótel Baron Barónstígur 2, v/Skúlagötu	101 R.vík	allt árið	562 3204
Fosshótel Suðurgata Suðurgötu	101 R.vík	03.06- 23.08	562 4018
Fosshótel Húsavík Ketilsbraut 22	640 Húsavík	allt árið	464 1220
Fosshótel NesbúðNesjavellir	801 Selfoss	allt árið	482 3415
Fosshótel MosfellPrúðvangur 6	850 Hella	allt árið	487 5828
Fosshótel Reykholt	320 Reykholt	allt árið	435 1260
Fosshótel Vatnajökull Lindarbakka	781 Hornarf.	15.05.- 25.09	478 2555
Fosshótel Laugar	650 Laugar	01.06.- 19.08	464 6300
Fosshótel Áning Skagfirðingsbr. 21	550 Sauðárk.	06.06.- 17.08	453 6717
Fosshótel Hallormsstaður	701 Hallormsst.	07.06.- 20.08	471 1705
Flóki Inn, Flókgata 1,	105 Reykjavík	allt árið	552-1155
Garður Inn, v/Hringbraut,	101 Reykjavík	júní-ágúst	562-4000
Gistihúsið Bifröst,	311 Borgarnesi	01/07 – 25/08	435-0101
Gistiheimilið Bifröst		Annar tími ársins	562-4000
Gistihúsið Hólar,	551 Sauðárkrókur	01/6 – 31/08	562-4000
Fosshótel Dalvík,	620 Dalvík	01/06 – 30/09	562-4000
Fosshótel Skaftafell,	785 Örafi	01/03 – 31/10	478-1945
Hengill,	801 Nesjavöllum	Allt árið	562-4000

Golfvöllur

BSRB á aðild að rekstri golfklúbbsins Glanna, en völlurinn er í næsta nágrenni orlofsbyggða BSRB í Munaðarnesi og Stóru Skógum og fá þeir sem eru í aðildarfélögum BSRB helmings afslátt á völinn. Þetta er nú holu völlur í mjög fögru umhverfi.

Almennt verð á völinn er 2.750 kr. en félagar í BSRB borga 1.375 kr. Fram til kl. 14:00 á virkum dögum.

Vangaveitur um kjaramál og samninga

Jón Ingi Hilmarsson stjórnarmaður



Við viljum bætt kjör, hærri laun og betri skilyrði til vinnu. Þetta er í raun allt og sumt. En það sem flækir svo samningagerðina hjá viðsemjanda og stéttarfélagi er að hugsa þarf um þarfir allra einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Þegar búið er að skrifa undir þá er samningurinn lagður í dóm félagsmanna og það er alveg merkilegt hversu fáir taka þátt og kjósa um samninginn. Þann tíma sem ég hef verið í félaginu þá hefur þetta verið mikill minnihluti sem hefur áhrif á samningsmálin með því að láta í ljós ánægju eða óánægju á meðan eitthvað er hægt að gera í málinu það er frekar eftir að búið er að samþykkja samninginn sem raddir heyrast um að betur hefði verið hægt að gera og þá er það

orðið of seint. Sem kemur aftur að því hversu einfaldir samningar eru í raun flóknir því þeir hafa áhrif á svo marga. Þegar samningur er lagður fyrir félagsmenn til kosninga þá fáum við að segja út frá okkar hag hvort við erum fylgjandi eða á móti samningnum og er það mjög einstaklingsbundið hvort félagsmanni finnst hann vera að fá eitthvað meira en hann vænti út úr samningnum. Félagið lítur svo á að samþykktur samningur sé bindandi og um hann er ekki deilt nema að upp komi verulegur ágreiningur um einstaka liði. Það er hins vegar ekki svo hjá okkar viðsemjendum, ég hef það alltaf á tilfinningunni að þegar búið er að skrifa undir samning þá fari þeir að leita leiða framhjá samningnum til að lækka launakostnað. Og stéttarfélagið getur lítið gert við því. En nú segi ég að komið sé að enda stöð með það. Það er mín skoðun að félagið eigi að halda áfram að semja eftir að skrifað er undir heildarsamninginn því það eru stanslausar breytingar í gangi hjá okkar félagsmönnum og við þurfum að aðlagast og breytast með þeim. Ég er þeirrar skoðunar að félagið eigi að veita ráðgjöf og aðstoða einstaklinga við að ná enn betri samningum á sínum vinnustað. Þar á menntun og hæfni starfsmannsins að veða

þyngst til hækkunar frá grunnlaunum. Því þurfa allir að fara í naflaskoðun og skoða sitt bakland, sína fjölskyldu og einkahagi og koma fram með tillögur að bættum og betri samning. Nú er tækifærið til að vera vel undirbúin undir komandi samninga svo samningurinn nái til og hafi áhrif til batnaðar fyrir alla félagsmenn. Biðin er á enda, nú er komið að okkur að hafa áhrif á bætt kjör í komandi samningum. Þeir sem vilja hafa áhrif þurfa að taka þátt. Þeir sem vilja breytingar þurfa að taka þátt. Það gerist ekkert ef enginn tekur þátt. Því segi ég tókum þátt í næstu samningum höfum áhrif á hann í gegnum trúnaðarmenn og starfsmenn félagsins. Einstaklingur getur haft áhrif með rödd sinni og skoðunum en það er mun auðveldara ef raddir og skoðanir koma frá mörgum, það gerir okkar starf mun einfaldara að hafa skýr markmið sem við getum ekki hvíkað frá, þannig náum við árangri, þannig getur þú lesandi góður haft áhrif með því að taka þátt.

Undirritaður er stjórnarmaður í St.Rv., háskólanemi og í fullu starfi hjá Landspítala.

Sumarferð eftirlaunahóps

Fyrirhugað er að fara í 2ja daga ferð í lok júní. Ferðanefnd er að störfum en hefur ekki lokið skipulagningu ferðarinnar. Við eigum von á því að þetta verði glæsileg ferð eins og sumarferðirnar hafa verið. Við óskum eftir að þeir sem vilja fá sendar upplýsingar um ferðina í sumar hafi samband við félagið í síma 525-8330 eða í netfangið strv@bsrb.is og við munum senda upplýsingar þegar ferðanefnd hefur lokið skipulagningu.

Flugávísanir með Iceland Express



Flugávísanir með Iceland Express bjóðast félagsmönnum verð til félagsmanna er kr. **11.000,-** sem er 45% afsláttur af flugávísun (gjafabréfi) sem er að verðgildi kr. **20.000,-**

Félagsmenn sem áhuga hafa á að nýta sér þetta afsláttartilboð þurfa að:

- * Sækja um á heimasíðu félagsins á þar til gerðu formi.
- * eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 525-8330 milli kl. 9,00-16,00 og láta skrá sig
- * Senda fax í síma 525-8339

Upplýsingar sem þurfa að koma fram eru: Nafn, kt. Vinnustaður, símanúmer, heimilisfang og netfang

Hver félagsmaður getur fengið mest tvær ávísanir. Verði umsóknir fleiri en þær flugávísanir sem í boði eru verður dregið úr umsóknum. Þeir sem áður hafa fengið flugávísanir hjá félaginu eiga ekki möguleika á að sækja um nú.

Orlofssjóður áskilur sér rétt til að færa alla þá sem fengið hafa úthlutað flugávísunum inni orlofskerfi þó síðar verði.

Umsóknar frestur er til og með 6. júní n.k. Þann 10. júní verður sendur tölvupóstur á þá sem dregnir voru út og í honum munu koma fram upplýsingar varðandi greiðslu sem skal vera lokið 4 dögum eftir útsendinu tölvupósts, eða 13. júní.

Þeir sem sækja um símleiðis og fá úthlutun, munu fá sent bréf þar sem þeir munu fá ívið lengri greiðslufrest. Hafi greiðsla ekki borist fyrir réttan tíma verður flugávísunum endurúthlutað

Gildistími flugávísananna er 2 ár.

Hægt er að nota flugávísanirnar í allar ferðir Iceland Express og gildir einu hvort um venjulegt flug er að ræða eða sérstök tilboð.

ATHUGIÐ:

Þeir umsækjendur sem ekki fá tilkynningu með tölvupósti eða bréfi hafa því miður ekki haft heppnina með sér að þessu sinni.

Nám í Borgarholtsskóla

Í Borgarholtsskóla er boðið upp á nám eftir mismunandi námsleiðum til að mæta þörfum fólks sem er á vinnumarkaði.

Boðið er upp á nám fyrir:

- * Stuðningsfulltrúa
- * Skólaliða
- * Leiðbeinendur í leikskóla
- * Félagsliða

NÝTT

Félags- og tómstundaval. Nám fyrir fólk sem hefur áhuga á að vinna með börnum og unglíngum.

Síðdegisnám: Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla frá kl. 15:00-17:40 mánudaga – fimmtudaga.

Dreifnám: Byggist á verkefnavinnu og umræðutímum sem fara fram einu sinni í viku á netinu og kennslu í þrem staðbundnum lotum á önn sem fram fara í Borgarholtsskóla.

Upplýsingar um skipulag námsins má finna á heimasíðu skólans www.bhs.is. Frekari upplýsingar veitir Sigrún Sigurðardóttir kennslustjóri í síma 535 - 1700 og gsm. 694 - 4959.

Netfang sigruns@bhs.is

Formaðurinn í Hafnarfirði

Marga rak í rogastans þegar kynnt var að formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar átti að halda ræðu á 1. maí í Hafnarfirði. En Garðar Hilmarsson formaður hélt ræðu sem stjórnarmaður í BSRB.

Við byrtum þessa finnu ræðu hér enda á innihaldið ekki bara við á 1. maí.

„Fyrsta maí, á baráttudegi verkalyðshreyfingarinnar, minnumst við alls þess sem áunnist hefur í baráttu hreyfingarinnar í tímans rás. Við skulum aldrei gleyma því að það er verkalyðshreyfingunni og öðrum félagslegum öflum að þakka hve vel okkur miðaði nánast alla 20. öldina að skapa hér kröftugt velferðarsamfélag. Það varð ekki til vegna auðmanna sem komu færandi hendi.

Vegna þrotlausrar baráttu tók samfélagið stakkaskiptum á innan við einni öld. Ekki er saman að jafna því samfélagi sem við blasti á öndverðri síðustu öld og því velferðarþjóðfélagi sem reist hafði verið undir aldarlok.

Já, þetta kostaði baráttu og nú þegar vegið er að velferðarþjónustunni erum við óþyrmilega minnt á að það mun kosta baráttu að halda í það sem áunnist

hefur, hvað þá að bæta það. Getur verið að eitthvað skorti á meðvitund yngri kynslóða um hvað í húfi er? Getur verið að yngra fólk líti á aðgang að heilbrigðisþjónustu, skólum, réttindum á borð við veikindarétt og atvinnuleysisbætur sem náttúrulögmál eða sendingu af himnum ofan? Eða getur það verið að með aukinni auðlegð séum við að verða smærri í hugsun? Að okkur vaxi í augum að gera það sem snauðir forfeður okkar réðust í án þess að blikna? Getur verið að við þurfum nú að bretta upp ermarnar og blása í gamlar baráttuglæður?

Á undanförnum árum hefur stefnt í sífellt meira kjaramisrétti í íslensku þjóðfélagi. Ekki hefur tekist að draga úr kjaramismun kynjanna og munurinn á milli þeirra sem best hafa kjörin og hinna sem lakast standa að vígi hefur sennilega sjaldan ef nokkurn tíma verið eins mikill og nú. Misskiptingin gengur í berhög við réttlætiskennð fólks og heggur þannig á þau bönd sem hnýtt hafa samfélagið saman.

Styrkur Íslendinga um áratugi hefur verið samheldið og traust samfélag. Úr þeim jarðvegi hefur vaxið og dafnað fjölskrúðugt mannlíf, blómleg menning og kröftugt atvinnulíf. Litið hefur verið á stöðugleika sem markmið að keppa að enda mikilvægt fyrir fjölskyldur jafnt sem fyrirtæki að búa við jafnvægi og hafa fast land undir fótum. Þessum stöðugleika er nú ógnað. BSRB hefur ítrekað varað við þessari þróun og hvatt til markvissra aðgerða svo sporna megi gegn þróun í átt til misréttis.

Við höfum minnt á að öflug velferðarþjónusta sé mikilvæg forsenda stöðugleika auk þess sem hún stuðli að jöfnuði og réttlæti í þjóðfélaginu. Við höfum hamrað á því hve brýnt það er að velferðarþjónustan sé í stöðugri framför og veiti samfélaginu öllu þá bestu þjónustu sem völ er á.

Við þessu hefur verið þverskallast og hefur þjóðin orðið vitni að því hvernig sífellt reynist erfiðara að manna grunnþjónustu samfélagsins vegna bágborinna kjara starfsfólks og þá einnig hve þröngur fjárhagsstakkur mikilvægum þjónustu stofnunum er sniðinn, sem aftur gerir það að verkum að þær geta ekki rækt þær skyldur sem samfélagið leggur þeim á herðar. Í stað þess að styrkja grunnþjónustuna, sjúkrahúsin, skólana, stofnanir fyrir fatlaða og aldráða og almennar þjónustustofnanir er allri þessari starfsemi nú í vaxandi mæli þröngvað út á markaðstorgið. Þetta er gert enda þótt reynsla og rannsóknir sýni að slíkt leiði til aukins kostnaðar, aukinnar mismununar í þjónustu og aukins misréttis á vinnustað. Spyrjið ræstingafólkið hvað gerðist þegar þrífir voru boðin út. Hækkaði kaupverðið? Minnkaði vinnuálagið? Það má vel vera að einhverjir hópar hagnist á einkavæðingu – enda leikurinn til þess gerður og vissulega á það við um forstjórana – en þeir sem eru með minnstar tekjur, þeir hagnast ekki – það eitt er víst. Um það höfum við órækan vitnisburð.

Auðvitað eigum við ekki að láta þetta yfir okkur ganga og ég heiti á allt launafólk að rísa upp gegn einkavæðingu velferðarþjónustunnar og ég heiti einnig á allt baráttufólk að rísa upp til varnar því velferðarsamfélagi sem hér hefur verið byggt upp. Og við eigum ekki að láta sitja við það eitt að verjast – við eigum að sækja fram og gera samfélag okkar betur úr garði en nokkru sinni fyrr. Til þessa eru bæði efni og aðstæður.

Ekki verður um það deilt að nú eru blikur á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar. Verðbólgan æðir áfram og teygir sig í tveggja stafa tölu. Við sem munum verðbólgunu frá áttunda og níunda áratugnum þekkjum þann kjarþjóf sem nú er að stíga inn á sviðið. Áhrifa hans gætir þegar. Hækkandi verðlag rýrir kjörin – það liggur í augum uppi að gerist þegar vara og þjónusta verður dýrari – en svo er það hitt að lánskjörin æða einnig upp úr öllu valdi – nokkuð



sem ekki er síður hættulegt.

Gegn þessu verður að bregðast með samstilltu átaki í þjóðfélaginu. Alþýðusamband Íslands hefur nýlokið kjarasamningum. Þeir samningar voru gerðir áður en óveðursskýin tóku fyrir alvöru að hrannast upp. BSRB hefur undirbúið kjarasamninga um alllangt skeið en samningar gagnvart ríkinu losna einmitt í dag, hinn fyrsta maí, en gagnvart sveitarfélögum í haust. Í kröfugerð BSRB félaganna hefur því almennt verið haldið á loft að nú þurfi að brúa þá gjá eða gliðnun sem myndast hefur á milli hins opinbera annars vegar og hluta almenna vinnumarkaðarins hins vegar. Svo er það hitt að launamun kynjanna verður að útrýma. Sú krafa er mjög afdráttarlaus af okkar hálfu.

Þetta eru vissulega viðfangsefni sem snúa að launamarkaðnum í heild sinni því á almennum launamarkaði eru þúsundir og tugþúsundir sem hafa orðið fórnarlömb markaðshyggju undangenginna ára. Út á þetta gengu einmitt samningar ASÍ: Að reyna að draga þá að landi sem verst hafa farið út úr misréttisþróun undangenginna ára. Eftir sitja þeir þó sem verst hafa kjörin. Öllu

réttlátu fólki hlýtur að sviða að þeir sem minnst hafa tekjurnar – öryrkjar og tekjulægstu hópar aldraðra hafa nánast verið skildir eftir eins og fram hefur komið í harðorðum mótmælum frá verkalyðshreyfingu, Öryrkjabandalaginu og Landssambandi eldri borgara.

Undir þessar kröfur og þessa baráttu hefur BSRB tekið heils hugar. Og til að leggja áherslu á vilja okkar til að taka höndum saman með þjóðfélaginu öllu höfum við lagt til að gerður verði skammtímasamningur gagnvart ríkinu jafnframt því sem við setjum okkur öll í þær stellingar að jafna kjörin í landinu, útrýma kynbundnum launamun og taka til hendinni við að styrkja velferðarkerfið.

Það hlýtur að vera krafa verkalyðshreyfingarinnar allrar á þessum degi að senda þau skilaboð til ríkisstjórnarinnar að hún bæti þegar í stað kjör þeirra sem minnst hafa handa á milli, öryrkja og aldraðra. Þá þarf að stöðva þegar í stað alla tilburði til að einkavæða heilbrigðisþjónustuna, rífa hana niður og „úthýsa“ starfsfólki eins og það er orðað á svo raunsannan hátt. Nú þegar BSRB

býður upp á skammtímasamning - eins konar vopnahlé - viljum við fá skýr viðbrögð stjórnvalda. Ríkisstjórnin verður að sýna í verki að hún sé tilbúin að taka upp önnur og gerbreytt vinnubrögð. Við ætlum ekki að setjast í helgan stein þótt við semdum til skamms tíma. Þvert á móti yrði sá tími notaður til að búa í haginn fyrir nýja framtíð.

Ef við aðeins viljum, þá getum við búið okkur samfélag sem öllum líður vel í. Verum þess minnug að samfélag jafnaðar er miklu kröftugra samfélag og líklegra til að ná árangri hvort sem er í efnahagslegu eða menningarlegu tilliti - að ekki sé á það minnst að slíkt samfélag gefur meiri lífsgleði og er skemmtilegra að búa í.

Nú á hátíðisdegi verkalyðsins skulum við heita því að hefja baráttufána á loft, hrinda frá okkur drunga og vonleysi, blása hvert öðru kjark og von í brjóst. Með samtakamættinum er allt hægt.“

Að lokum óskaði Garðar fólki gleðilegrar hátíðar.

Gott að vita

Orlofsuppbót í júní

Orlofsuppbót er föst fjárhæð sem greiðist út í júní ár hvert. Í kjarasamningi við Reykjavíkurborg, Strætó bs, Orkuveitu, Faxaflóahafnir og ríkið er fjárhæðin fyrir árið 2008, miðað við fullt starf allt árið, 23.600 kr. eða hlutfallslega ef þú hefur starfað skemur, þó minnst 3 mánuði.

Tímavinnumaður fær fulla orlofsuppbót ef hann vinnur 1504 klst á ofangreindu tímabili en annars hlutfallslega

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindunum nemur, ekki til orlofs, enda tilkynni starfsmaður um veikindin og sendi læknisvottorð sem sanni að hann geti ekki notið orlofsins vegna veikindanna. Hvort tveggja skal gert án ástæðulausrar tafar.

Starfsmaður sem veikist erlendis verður að vera við því búinn að sanna veikindi sín með erlendu læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal veitt eftir því sem kostur er, á þeim tíma sem starfsmaður óskar, á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

Verðlaunakrossgáta

		PILT ALDUR		H'AS ANGAN		PRÁ		PRELLI SUND- FÆRI		KINDUM SAR		HNYFUR
				2	ATHYGLI RYK							SPOR
		PRÍMU- LJÓÐS LJÚKA								TRYNI INN- RÆTI		
							VATNA- FISKUR STYRKING					
TEKI	↓	SVALIR ELSKAR STEMR			SKENS SKYTUR			3		VERDING TITILL VEINS		
				PRÍK LIT- LINGUN					FUGL HLUT- VERKID	7		FLAND- UR
HAFNA SNEMMA		8			HÁL GLJÓFRI							ÖXULL
				LJÓSKER GALDRAR KYENDI		9				ANDI NAIT		
FREGAD ARATH HROSSAD							LJSA- EGG HITA				REYND- AR	
			KÖGLIN KÖPAR		OSANN- SÖGLAR HRUGU							ÞRÖTTA- FELAG
		PEGAR VOTIR		ANDAR- TAK RIDDÍ				SAUP HLIFIR	5			
FISK FYRIR- LESTUR							GUÐ VEIKUR					MÁL- MUR
				OFNS ANNARS				SVELG- URJUNN MJOGE				KET
SÍÐAR	↓	SAD- LOND VEGI							BLAUTT BOR			
AUÐKÝF- INGUR				4	ÓSLÉTT SEGI- BÁTAR		6			FITLA STARF- RÆKI		
				HÓPAR HLEÐUR						10	RJÓR GREINI- LEGI	
BAKT- ERTU		GLÖGG- UR DEILUR			1			SKORÐ- AÐ NISTI				FORBOÐ
FEYSKA VATNA- GRÖÐUR				FERD- ONEFND- UR			LAIMU- SPIL KRA					MÁL- MUR
			VEIÐAR- FÆRI ÁTT			NAKINN ODDI				HRINDA PIPA		
HLJÓP ÓTTI					INN					ALL- MIKIL		
									ELJU- SAMUR			

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna. Bókstafirnir í tölusettu reitunum mynda lausnarorðið. Senda má lausnarorð í tölvupósti til félagsins á strv@bsrb.is
 Verðlaunin eru val á milli helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum eða 7.000 kr. greiðslu.
 Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 13. júní 2008.